



Skilmálar æfingagjalda Íþróttafélagsins Gerpla

- Skilyrði er að gengið sé frá greiðslu æfingagjalda í upphafi tímabils.
- Kjósi iðkandi að hætta æfingum verður úrsögn að berast með tölvupósti á netfang fjármálastjóra ragnarmagnus@gerpla.is
- Ef úrsögn berst ekki skrifstofu skriflega með tölvupósti verða æfingagjöld innheimt sem nema gjaldi fyrir einum mánuði. Það er á ábyrgð forráðamanna að tilkynna úrsögn, tilkynning til þjálfara iðkendans verður ekki tekin gild.
- Æfingagjöld eru ekki endurgreidd ef iðkandi hættir eftir að einn mánuður eru liðinn af önninni. Iðkandi sem æfir fjórar vikur eða skemur greiðir sem nemur gjaldi fyrir einn mánuð. Hægt er að sækja um undanþágu frá þessu ef um búferlaflutning og/ eða alvarleg veikindi eða slys er að ræða.
- Ef ekki er gengið frá æfingagjöldum fyrir tilsetta dagsetningu hér að ofan áskilur Gerpla sér rétt til að setja æfingagjöldin á einn greiðsluseðil og bætast þá við seðilgjald og annar umsýslunarkostnaður 1500krónur ef bakfæra þarf reikninginn.
- Æfingagjaldið miðast við þann æfingatímafjölda sem hópur viðkomandi iðkanda æfir á viku. Ekki er veittur afsláttur frá æfingagjaldi vegna árekstra í æfingatöflu við aðrar íþróttagreinar eða tómstundir.
- Mótagjöld og kostnaður vegna keppnis- og æfingaferða eru ekki innifalin í verði.
- Systkinaafsláttur er 10% sem reiknast á meðaltal heildaræfingargjalds systkina. Dæmi barn 1 - námskeið kostar 50.000kr barn 2 - námskeið kostar 40.000kr. Meðaltalið er 45.000kr og reiknar afslátturinn af þeirri upphæð.
- Afslátturinn reiknast sjálfkrafa við skráningu en afslátturinn kemur fram við greiðslu á öllum iðkendum eftir þann fyrsta. Þegar greitt er fyrir fyrsta barn reiknast enginn afsláttur en þegar greitt er fyrir næsta reiknast afslátturinn á meðaltal æfingagjalda barns eitt og tvö. Sex vikum eftir að önnin hefst dettur systkinaafslátturinn út úr kerfinu.

Íþróttafélagið Gerpla